

Athugasemdir og ábendingar frá eigendum.

Með bréfi dagsettu 13. sept s.l vorum við upplýst um fyrirhugaða staðsetningu og ásýnd hreinsistöðvar niður undir sjávarbakka á móts við innkeyrslu á Búðarbraut 10.

Við undirrituð teljum staðsetningu stöðvarinnar alls ekki hentuga með tilliti til útsýnis og umhverfis, þrátt fyrir viðleitni til að fella stöðina inn í landið með grjóthleðslu, trjárækt og snyrtilegri timburklæðningu. Landið þarna er flatt og mannvirkið mun undir nánast öllum kringumstæðum bera við sjó svo sýnileikinn verður mikill, hvort sem er frá götunni eða í beinu útsýni frá stofum og borðstofum allra þeirra húsa sem grenndarkynningin á við.

Óneitanlega vakna upp spurningar um svona mannvirki svo nálægt heimilum okkar, til dæmis:

Sótt er um bráðabirgðastöðuleyfi, er stöðin til bráðabirgða? Hversu langt tímabil má teljast til bráðabirgða? Verður hægt að afturkalla slíkt leyfi að 12 mánuðum liðnum, og verður þá aftur grenndarkynnt ef um framlengingu stöðuleyfis verður að ræða? Er gámurinn sem slíkur hugsaður sem varanleg eða bráðabirgðalausn?

Verður stöðin og umhverfi hennar afgirt eða er tryggt að börn geti ekki farið sér að voða við dælubrunninn eða annað sem gæti skapað hættu?

Er um mögulega lyktar eða hljóðmengun að ræða frá stöðinni?

Hvernig verður frágangi kringum stöðina háttað og á hversu stóru svæði umhverfis hana?

Auk þess veltum við vöngum um hvort þessi staðsetning spilli möguleikum svæðisins til framtíðar, þá sérstaklega með tilliti til hugsanlegrar nýtingar svæðisins í tengslum við einhvers konar almenningsvæði eða frekari uppbyggingar og athafnapláss í tengslum við Leifsbúð og hafnarsvæðið.

Að þessu sögðu viljum við leggja til að staðsetning stöðvarinnar færist um u.þ.b 70 metra til norðausturs þar sem hún yrði þá komin í hvarf undir barðið og þá ekki næstum eins áberandi þó hún sæist vissulega að einhverjuleiti frá syðri hluta Búðarbrautar og Leifsbúð ef til kæmi að möninn norðan við Leifsbúð yrði fjarlægð eða lækkuð. Sú staðsetning myndi einnig henta betur ef um hljóðmengun er að ræða frá stöðinni. Auk þess er þar mun fastara undirlag gagnvart aðkomu og undirstöðu fyrir stöðina. Staðsetningin kallar vissulega á aukalengd í lögnum að og frá stöðinni en skapar jafnframt meiri sátt um stöðina, sem hlýtur að vera einhvers virði.

Með von um góðar undirtektir og farsælar málalyktir

Íbúar/ eigendur

Búðarbraut 6	<u>Bergþóra Jónsdóttir</u>	<u>Jónína Kristín Guðvar</u>
Búðarbraut 8	<u>Vilhjalmur H. Hleð</u>	<u>Hanna S. Stefánsd.</u>
Búðarbraut 10	<u>Dagnýlara Mikaela</u>	<u>Vilhjalmur Arnarsson</u>
Búðarbraut 12	<u>Vidar Joelsson</u>	<u>Þórunn B. Einarsd.</u>
Búðarbraut 3	<u>Agnes Agústsdóttir</u>	<u>Fannar Pállsson</u>
Sunnubraut 2	<u>Jara Kristinsdóttir</u>	<u>Guðmundur Sv. Þorringsson</u>